

Hin nýja manndómsvígsla



Mæling á Hrútsfjallstindum í maí 2014.

Mikil útvistarvakning hefur orðið á síðustu árum meðal landsmanna og er varla neinn talinn maður með mönnum nema hann skottist reglulega á Esjuna eða annað heima fjall. Markmið margra er síðan að ganga á hæsta tind landsins, Hvannadalshnúk og er það nánast orðin hin nýja manndómsvígsla nútíma Íslendinga. Það brá því nokkrum í brún þegar afrek þeirra sem gengið hafa á tindinn var tekið niður um 9 metra fyrir fáeinum árum þegar nýjar mælingar Landmælinga Íslands (LMÍ) á

hnúknum sýndu að hann var 2110 m en ekki 2119 m, eins og kennt hafði verið í skólum landsins allt frá því á síðustu öld.

Nákvæmi hæðarmælinga

Hæð fjalla er göngufólki jafnan hugleikin. Flestir eru með gps mælitæki á sér og er því að verða til stórt punktastofn af hæðarmælingum á fjöllum landsins. Galli þessara mælinga er þó að handtækin geta haft óþekkt skekkju svo að erfitt er að meta gæði mælinganna, þó vissulega séu gæði þeirra sífellt að batna. Með nákvæmum hæðarmælingum gps tækninnar má þó finna nákvæma hæð fjalla og hafa Landmælingar Íslands m.a. unnið með slíka tækni síðustu árin við að meta hreyfingar jarðskorpunnar. Nýjar mælingar af jöklum landsins með leysitækni hafa einnig gefið nokkuð skýrari mynd af hæð þeirra.

Hærra eða lægra

Að undanfögnu hafa starfsmenn Landmælinga Íslands skemmt sér við að ganga á nokkur fjöll en um leið tekið hæðarmælingar sem síðan eru nýttar s.s. við samanburð á gögnum. Nýjar hæðarmælingar sýna oft talsverðar breytingar á hæð, einkum þegar borið er saman við gögn dönsku mælingamanna frá aldamótunum 1900. Þó verður að teljast afar athyglisvert að margar mælingar Dana eru nokkuð nákvæmar þrátt fyrir að vera rúmlega 100 ára gamlar má þar nefna mælingar á Esjunni og Akrafjalli. Ýmsar greinar hafa verið ritaðar um mismuninn á nýjum og gömlum hæðartölum og er líklegt að þar sem verulegar breytingar koma fram sé frekar um ónákvæmni í mælingum Dana að ræða fremur en breytingar á landi t.d. vegna landsigs eða bráðnunar jökla (þó það kunnir að vera að einhverju leyti). (S. Guðmundsson ofl, *Jökull* 62. árg. 2012).

Göngufólk getur því notað nýjar mælingar eða gamlar til að velta fyrir sér hæðum fjalla og valið að nýta sér þær tölur sem betur falla að afrekaskrá manndómsvígslunnar.

Til gamans eru hér hæðir nokkurra tinda sem starfsmenn LMÍ hafa nýverið mælt.

Nafn	Staður	Hæð á Atlaskorti Dana (um 1900)	Hæð gps mælingar LMÍ 2014	LIDAR (laser) hæðargrunnur
Kerhólakambur	Esjan	852 m	853 m	
Smáþúfur	Esjan	592 m	594 m	
Háitindur	Hrútsfjallstindar, Vatnajökli	1875 m	1857 m	1855 m
Háihnúkur	Akrafjall	555 m	555 m (mælt 2010)	

Hvannadalshúkur	Öræfajökull, Vatnajökli	2119 m	2110 m (mælt 2005)	2110 m
-----------------	----------------------------	--------	-----------------------	--------

Að auki eru hér mælingar nokkurra tinda í Öræfajökli í Vatnajökli miðað við Lidar – (leysi) mælingar bornar saman við herforingjaráðskort Dana frá 1904. Þessir tindar bíða þess að starfsfólk LMÍ skottist á þá í frítíma sínum, með gps mælitæki í farteskinu til að fá enn nákvæmari tölur.

Nafn	Staður	Hæð á Atlaskorti Dana (um 1904)	LIDAR (laser) hæðargrunnur
Sveinstindur	Öræfajökull, Vatnajökli	2044 m	2033 m
Dyrhamar	Öræfajökull, Vatnajökli	1911 m	1902 m
Snæbreið	Öræfajökull, Vatnajökli	2041 m	2028 m
Rótarfjallshnúkur	Öræfajökull, Vatnajökli	1848 m	1833 m

(S. Guðmundsson ofl., Jökull 62. árg. 2012)

Höfundar: Eydís Líndal Finnbogadóttir, Ásta Kristín Óladóttir og Guðmundur Valsson, Landmælingum Íslands.

Staðsetningar mælinga LMÍ eru merktar með rauðum þríhyrningum ásamt hæðartölum í metrum ofan á atlaskort Dana.

